BYGGÐASTOFNUN
Sauðármýri 2
550 Sauðárkróki
Sími 455 54 00
postur@byggdastofnun.is

# Árshlutareikningur Byggðastofnunar janúar-júní 2022

Árshlutareikningur Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar-júní 2022, var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 30. ágúst 2022.

Hagnaður tímabilsins nam 162,2 milljónum króna. Eiginfjárhlutfall í lok júní skv. eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var 19,02%.

Um stofnunina gilda lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga, sveitarfélög og aðra haghafa. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.Byggðastofnun annast framkvæmd laga um póstþjónustu og að hafa eftirlit með póstþjónustu eins og nánar er kveðið á um í lögum um það efni.

## Helstu niðurstöður úr árshlutareikningi Byggðastofnunar janúar - júní 2022

- Hagnaður tímabilsins nam 162,2 milljónum króna.
- Eiginfjárhlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 19,02% en skal að lágmarki vera 8%.
- Hreinar vaxtatekjur voru 347 milljónir króna eða 30,2% af vaxtatekjum, samanborið við 272 milljónir króna (35,1% af vaxtatekjum) hreinar vaxtatekjur árið 2021.
- Laun og annar rekstrarkostnaður nam 291 milljón króna samanborið við 245,7 milljónir árið 2021.
- Eignir námu 23.193 milljónum króna og hafa hækkað um 1.144 milljónir frá árslokum 2021. Þar af voru útlán 19.370 milljónir samanborið við 18.625 milljónir í lok árs 2021.
- Skuldir námu 19.710 milljónum króna og hækkuðu um 982 milljónir frá árslokum 2021.

## Horfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er áfram sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl fyrirtækja á landsbyggðinni.

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Arnar Már Elíasson, staðgengill forstjóra í síma 455 5400 eða á netfanginu arnar@byggdastofnun.is

## Lykiltölur úr uppgjöri og samanburður við fyrri ár

| | 30.6.2022 | 2021 | 30.6.2021 | 2020 | 30.6.2020 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Þús. kr. | Þús. kr. | Þús. kr. | Þús. kr. | Þús. kr. | Þús. kr. |
| **Rekstrarreikningur** | | | | | | |
| Vaxtatekjur | 1.147.513 | 1.568.767 | 774.897 | 1.327.669 | 635.771 | 1.172.444 |
| Vaxtagjöld | 800.330 | 1.008.429 | 502.835 | 805.812 | 370.277 | 662.991 |
| *Hreinar vaxtatekjur* | *347.183* | *560.338* | 272.062 | *521.857* | 265.494 | *509.454* |
| Rekstrartekjur | 303.759 | 570.837 | 269.720 | 643.008 | 273.876 | 645.486 |
| *Hreinar rekstrartekjur* | *650.942* | *1.131.175* | 541.782 | *1.164.865* | 539.370 | *1.154.940* |
| Rekstrargjöld | 488.712 | 963.872 | 442.372 | 1.226.676 | 616.295 | 1.059.525 |
| **Hagnaður (-tap) ársins** | **162.230** | **167.303** | **99.410** | **-61.811** | **-76.925** | **95.415** |
| Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána og matsbr. hlutafjár | | | | | | |
| Framl. í afskriftarr. útlána og matsbr. hlutaf. | 2.134 | 134.913 | 13.240 | 298.032 | 161.543 | 182.258 |
| **Efnahagsreikningur** | **30.6.2022** | **31.12.2021** | **30.6.2021** | **31.12.2020** | **30.6.2020** | **31.12.2019** |
| **Eignir** | | | | | | |
| Bankainnistæður | 11.367.023 | 1.117.627 | 1.006.525 | 1.165.407 | 634.392 | 474.679 |
| Útlán til viðskiptavina | 19.370.361 | 18.625.315 | 17.361.135 | 16.834.885 | 15.795.676 | 13.850.098 |
| Fullnustueignir | 145.010 | 320.010 | 245.010 | 270.010 | 379.010 | 441.010 |
| Markaðsskuldabréf | 303.611 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Veltuhlutabréf | 356.164 | 357.899 | 357.928 | 353.283 | 609.080 | 585.845 |
| Hlutdeildarfélög | 793.346 | 739.368 | 733.607 | 699.594 | 679.808 | 682.252 |
| Viðskiptakröfur | 39.277 | 57.993 | 73.642 | 124.489 | 14.982 | 26.599 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 818.552 | 831.179 | 843.538 | 837.284 | 738.683 | 414.975 |
| **Eignir samtals** | **23.193.345** | **22.049.391** | **20.621.384** | **20.284.952** | **18.851.631** | **16.475.459** |
| **Skuldir og eigið fé** | | | | | | |
| Lántökur og skuldabréfaútgáfur | 18.807.030 | 18.159.786 | 16.646.852 | 16.788.799 | 15.275.843 | 13.014.318 |
| Óráðstöfuð framlög | 718.413 | 442.533 | 566.776 | 241.587 | 316.558 | 119.710 |
| Aðrar skuldir | 184.084 | 125.485 | 154.062 | 100.281 | 120.059 | 125.336 |
| **Skuldir samtals** | **19.709.527** | **18.727.803** | **17.367.690** | **17.130.667** | **15.712.460** | **13.259.364** |
| Eigið fé | 3.483.817 | 3.321.587 | 3.253.694 | 3.154.284 | 3.139.170 | 3.216.095 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **23.193.345** | **22.049.391** | **20.621.384** | **20.284.952** | **18.851.631** | **16.475.459** |
| **Sjóðstreymi** | **30.6.2022** | **2021** | **30.6.2021** | **2020** | **30.6.2020** | **2019** |
| Handbært fé (-til) frá rekstri | 86.590 | 479.647 | 141.555 | 368.640 | 74.505 | 427.163 |
| Fjárfestingarhreyfingar | -589.119 | -1.822.730 | -482.007 | -2.855.602 | -1.800.275 | -2.220.233 |
| Fjármögnunarhreyfingar | 751.925 | 1.295.304 | 181.570 | 3.177.690 | 1.885.483 | 1.165.279 |
| *Hækkun/(-lækkun) á handbæru fé* | *249.396* | *-47.780* | -158.882 | *690.727* | 159.713 | *-627.791* |
| Handbært fé í ársbyrjun | 1.117.627 | 1.165.407 | 1.165.407 | 474.679 | 474.679 | 1.102.471 |
| **Handbært fé í árslok/lok tímabils** | **1.367.023** | **1.117.627** | **1.006.525** | **1.165.407** | **634.392** | **474.679** |
| Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki | 19,02% | 18,17% | 19,19% | 19,12% | 20,00% | 19,25% |